


# Nágrannavarsla

Kynningarefni



# Nágrannavarsla

## Kynningarfundur með nágrönnum

Mikilvægt er að undirbúa kynningarfund fyrir nágrannavörslu vel. Það eykur líkur á að hugmyndin verði að veruleika. Ekki er skylt að halda kynningarfund en það getur verið árangursríkara að allir fái sömu upplýsingar um nágrannavörsluna og gott fyrir nágranna að hittast til að ræða um aukið öryggi í þeirra götu eða fjölbýlishúsi.

Fyrirkomulag kynningarfundarins þarf að vera skýrt og þannig kynnt að fólk hafi áhuga á að vera með. Nauðsynlegt er að undirbúa vel svör við mögulegum spurningum. Gott er að hafa í huga að það þurfa ekki allir í götunni eða á því svæði sem skilgreint hefur verið að vera aðilar að nágrannavörslunni. En því fleiri því betra.

### Fyrir kynningarfundinn þarf að:

- Finna tengilið sem tilbúinn er að halda utan um nágrannavörslu í þinni götu, svokallaðan götustjóra, sem sér meðal annars um að upplýsa nýja íbúa um verkefnið og íbúa sem ekki komust á fundinn. Einnig má velja tengilið/götustjóra á kynningarfundinum.
- Taka ákvörðun um stærð nágrannavörslusvæðis.
- Ákveða dagsetningu, staðsetningu og tíma kynningarfundar.
- Auglýsa nágrannavörslufundinn, hægt er að nota dreifimiða sem finna má í ítarefni.

### Gátlistar

Gott er að prenta út gátlista fyrir nágranna og þátttakendur í nágrannavörslunni til að taka með heim eftir kynningarfundinn. Gátlistar eru aðgengilegir inni á sjova.is.

### Nágrannavörsluskilti

Þegar búið er að koma á fót nágrannavörslu er tímabært að panta skilti til að setja upp í götunni. Kannið fyrst hvort sveitarfélagið útvegi skilti, annars er hægt að nálgast skilti hjá Sjóvá.

### Dagskrá kynningarfundar

Hér fylgir tillaga að dagskrá fundar þar sem nágrannavarsla er kynnt. Dagskrána má kynna í dreifibréfi þegar fundur er auglýstur.

- Hvað er nágrannavarsla?
- Hvernig viljum við skipuleggja okkar nágrannavörslu?
- Hvernig gerum við heimilið okkar öruggara?
- Farið yfir það hversu mikilvægt er að allir fjölskyldumeðlimir viti hvað nágrannavarsla er. Í mörgum tilfellum eru til dæmis börn og unglingar heima stóran hluta úr deginum. Þau þurfa því að vita hvernig á að bregðast við.
- Farið yfir gátlista og ítarefni um öryggi heimilis, bílsins og fleira.
- Aðkoma sveitarfélags (ef við á).
- Reynsla og aðkoma lögreglu (ef við á).
- Láta lista ganga og fá undirskrift þeirra sem vilja vera með (nafn, sími og netfang).

---

# Fundarboð á kynningarfund um nágrannavörslu

---

Kynningarfundur um nágrannavörslu verður haldinn þann \_\_\_\_\_  
Fundurinn verður haldinn að \_\_\_\_\_ og hefst klukkan \_\_\_\_\_

---

## Dagskrá

- › Hvað er nágrannavarsla?
- › Hvernig viljum við skipuleggja okkar nágrannavörslu?
- › Hvernig gerum við heimili okkar öruggara?
- › Farið yfir gátlista, bækling, og ítarefni um öryggi heimilis
- › Undirskriftasöfnun vegna nágrannavörslu
- › Aðkoma sveitarfélags
- › Reynolds af nágrannavörslu og tölfræðilegar upplýsingar frá lögreglu
- › Ákvörðun um næsta fund

